

Þingsályktun

um aðgerðir til að auka hlut kvenna í stjórnámálum.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd með fulltrúum stjórnámálaflokka, skrifstofu jafnréttismála og Kvenréttindafélags Íslands til að skipuleggja þverpólítískar aðgerðir til að bæta hlut kvenna í stjórnámálum. Nefndin starfi a.m.k. í fimm ár, taki til starfa hið fyrsta og hafi heimild til að ráða sér verkefnisstjóra, sem starfi á skrifstofu jafnréttismála. Nefndin annist fræðslu, auglýsingaherferðir og útgáfu og hafi allt að 5 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni árið 1998 og síðan fjárveitingar samkvæmt fjárlögum.

Samþykkt á Alþingi 2. júní 1998.